

Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Selfoss, 17.12.2024  
UST202401-422/H.M.V.  
08.14.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. september 2024 - Norðurþing, urðunarstaður við Kópasker, ID nr. 34**

Þann 11. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í á urðunarstað Norðurþings við Kópasker. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika:

Ekki barst úrbótaáætlun vegna frávika úr eftirliti ársins 2023 frá rekstraraðila. Komu þá fram þrjú frávik er varða að ekki voru til staðar skráningar vegna innra eftirlits rekstraraðila, ekki lágu fyrir niðurstöður vegna vöktunar grunn- og yfirborðsvatns og að skráningum var ekki skilað innan tilskilins tímafrests. Rekstraraðili hefur verið leiðbeint með skráningar og hefur komið þeim í betra horf. Þann 11. September sendi rekstraraðili niðurstöður vöktunar grunn- og yfirborðsvatns og er því fráviki 1 og 2 úr eftirliti ársins 2023 **lokið**.

Ekki hefur tekist að loka síðasta frávikinu, þ.e. nr. 3, þar sem ekki liggja fyrir skráningar á öllum þeim tölul. sem taldir eru upp undir 5.1 í starfsleyfi. Út af standa skráningar á tölul. 3. og 4. Einnig ber rekstraraðila að virða skilafrest á skráningum sem skila ber í skýrslu í samræmi við 5.4 í starfsleyfi.

### **Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.**

#### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Samkvæmt skráningum í gagnagátt Umhverfisstofnunar voru urðuð 599 t árið 2023 sem eru 99 t umfram heimild starfsleyfis. Að auki er tímabundin geymsla á timbri ekki tilgreind í starfsleyfi og því er óheimilt að geyma timbur eða annan úrgang inn á urðunarstað, annan en þann sem tilgreindur er undir móttökuheimildir í starfsleyfi.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Ekki var skilað inn skráningum vegna töluliða 1. - 5. Eftirlitsaðili telur að þar sem upplýsingum vegna tveggja urðunarstaða

sveitarfélagsins Norðurbings er skilað inn í gagnagátt Umhverfisstofnunar er þörf á því að skila upplýsingum um allan úrgang sem tekið er á móti sérstaklega í árlegri skýrslugjöf til eftirlitsaðila vegna starfsleyfis urðunarstaðar. Við næstu skil verður rekstraraðili því að skila inn þeim upplýsingum er varða tölul. 1 í ársyfirliti, í skýrslugjöf sem skila ber fyrir 1. maí.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10 janúar 2025.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur